

Ágætu aðalfundarfulltrúar, fundarmenn og aðrir góðir gestir!

Á árinu 1993 var frumsýnd kvikmyndin Groundhog Day, þar sem Bill Murray lék aðalhlutverkið. Í myndinni festist hann í tíma og rúmi og upplifði sama daginn aftur og aftur. Á sínum tíma fannst mér þessi kvikmynd bráðfyndin. Sá tími er liðinn. Fyrir örfáum dögum fletti ég upp ræðunni sem ég flutti hér í þessum sama sal fyrir tæpu ári síðan. Og mér datt í hug að flytja hana aftur, óbreytta.

Fyrir örfáum dögum var efnt til fundar í Kópavogi um fiskveiðikerfið. Fyrirfram var vitað að þar yrðu ekki samankomnir helstu dýrkendur kvótakerfisins, sem endurspeglaðist í því að aðeins einn þingmaður, að sjálfsgöðu úr stjórnarandstöðunni og enginn fréttamaður frá stærstu ljósvakamiðlum né öðrum létu sjá sig.

Að lokum ágætum erindum var fundarmönnum gefinn kostur á að spyrja frummælendur. Því miður náði ég ekki nafninu á þeim sem reis úr sæti og spurði:

Í ljósi þess að það er búið að skrifa og tala og mótmæla árum saman án þess að það skili tilætluðum árangri – hvað getum við gert til að breyta þeirri staðreynd? Þessi ágæti maður hittir naglann á höfuðið. Þetta er stóra spurningin sem Landssamband smábátæigenda glímur við.

Og nú endurtek ég sjálfan mig:

Núverandi Sjávarútvegsráðherra/Matvælaráðherra skipaði 46 manna hóp til að ná sátt um sjávarútvegsstefnu Íslendinga. 27 manns í „Samráðsnefnd“ og restina í fjóra starfshópa.

Þetta hefur verið gert oftar en einu sinni áður, með þeim árangri að enn þann dag í dag er yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar ósáttur við fyrirkomulagið í sjávsrútvegi.

Einn af ræðumönnunum á Kópavogsfundinum hafði gert merkilega samantekt: Aftur og enn hafa verið skipaðar nefndir með það að markmiði að ná sátt um sjávarútvegsmálin og þykkar skýrslur skrifaðar. Samtals telur þetta skýrslufargan u.þ.b. 3000 blaðsíður. Til samanburðar er Biblían u.þ.b. 1200 blaðsíður.

Ég sat fyrir hönd Landssambands smábátæigenda í 27 manna „Samráðsnefndinni“.

Ég dróg ekki dul á þá skoðun mína fyrir ári að þessi nefndaskipan myndi engu breyta. Ég var og er ekki einn um þá skoðun meðal nefndarmanna. Hjalið inni í

fundarsalnum var í engu samræmi við spjallið á planinu fyrir framan Nauthól, þar sem Samráðsnefndin hafði lögheimili.

Það gekk svo endanlega fram af mér í lok ágústmánaðar, þegar Matvælaráðuneytið trommaði upp með kynningu á Hótel Hilton 29. ágúst sl undir fyrirsögninni Lokaniðurstöður „Auðlindarinnar okkar“ og kynnti – með stolti – 464 bls. skýrslu. Samráðið við „Samráðsnefndina“ fór þar fyrir ekki neitt.

Ég gat ekki hugsað mér að nafn LS yrði í framtíðinni spyrnt við þessi vinnubrögð og taldi líklegra en hitt að ég væri þar ekki einn á báti. Það reyndist rétt og hinn 1. september sl. var send sameiginleg fréttatilkynning frá LS, Strandveiðifélagi Íslands og Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, en þar segir í niðurlagi:

„Undirritaðir, f.h. þeirra félagasamtaka sem við erum í forystu fyrir lýsum því hér með yfir að við höfnum því alfarið að okkar samtök séu bendluð við niðurstöður „Auðlindarinnar okkar“.

16 dögum síðar, eftir að því var skilmerkilega lýst í kynningunni á Hilton að „nýr kafli væri hafin“ í ferlinu, þ.e. vinna ráðuneytisins við smíði frumvarps til laga, var boðað til fundar í Samráðsnefndinni 20. september sl.

Á þeim fundi, þ.e. rúmum þremur vikum eftir Hilton kynninguna voru færð til bókunar kröftug andmæli við vinnubrögðin í ferlinu, undirrituð af sjö aðilum við borðið. Þar með voru 10 af 27 búnir að lýsa óánægju sinni.

Megin tilgangur alls þessa tilstands var fólgið í fjögurra stafa orði: „Sátt“.

Og nú bið ég ykkur, fundarmenn góðir: þeir ykkar sem eru sáttir við ríkjandi ástand í málefnum smábátaútgerðarinnar – réttið upp hönd.

Strandveiðikerfið var sett á fót árið 2009. Ég fullyrði að engin starfsstétt á Íslandi hafi þurft að sæta jafn grófum atvinnurógi síðan þá.

Við Matvælaráðherra vil ég segja eftirfarandi:  
smábátaeigendur vilja frið og sátt. Við viljum fá viðurkenningu á því að sjósókn smábáta er háð öðrum lögmálum en stóru skipanna. Þar er sjálf náttúran við stjórnvölinn.

Ég skora á þig, hæstvirtur Matvælaráðherra, sestu niður með okkur og talaðu við okkur.

Við ykkur, ágætu aðalfundarfulltrúar vil ég segja: látum ekkert sundra okkar samstöðu. Eina vopnið í okkar eigu er samstaða.

Ég óska ykkur allra heilla í ykkar störfum og segi hér með 39. Aðalfund Landssambands smábátæigenda settan.

Arthur Bogason  
Formaður Landssambands smábátæigenda